

# FUNDARGERÐ

## BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

586. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 16. febrúar 2009 kl.  
10:00 í fundarsal Ráðhúss.

### Dagskrá:

1. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 6. febrúar sl.
2. Bréf forstöðumanns tæknideildar.
3. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
4. Ráðning starfsmanns í heimilisþjónustu.
5. Aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2008.

### Afgreiðslur:

1. Fram lögð til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 6. febrúar sl.
2. Fram lagt bréf forstöðumanns tæknideildar. Í bréfinu kemur fram skoðun tæknideildar á erindi Björns Inga Þorgrímssonar en byggðarráð hafði sent erindi hans dags. í desember sl. til skoðunar tæknideildar. Í umræddu erindi óskaði bréfitari þess að fá að greiða einungis sorpeyðingargjald en ekki sorphirðugjald af fasteign sinni þar sem sorp er kemur frá heimili viðkomandi sé flokkað og endurunnið. Byggðarráð samþykkir að taka undir þá skoðun tæknideildar að ekki sé unnt að verða við erindinu þar sem m.a. álagning sorpgjalda sé bundin hverri íbúð og að í gjaldskrá sé ekki boðið uppá sérstaka afslætti vegna umhverfisvænnar meðhöndlunar á sorpi, þá gildi jafnræðisregla um álagningu sorphirðugjalda. Oddur Sigurðarson, áheyrnarfulltrúi Samfylkingarinnar lagði fram eftirfarandi bókun: „Ég tel að sorphirðu og sorpeyðingargjald sveitarfélagsins eigi að vera aðskilin en ekki eitt sameiginlegt gjald fyrir eigendur íbúðarhúsnæðis.“
3. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar um umsókn Arnar Gíslasonar f.h. Meleyrar ehf. um endurnýjun leyfis til rekstrar gistiheimilis að Brekkugötu 2 á Hvammstanga. Byggðarráð samþykkir að fresta afgreiðslu þar til byggingafulltrúi og slökkviliðsstjóri hafi veitt umsögn sína.
4. Sveitarstjóri greindi frá því að Sigrún Dögg Pétursdóttir hafi verið ráðin starfsmaður í heimilisþjónustu og mun hún hefja störf í dag. 5 umsóknir bárust um starfið.
5. Fram lagt aðalfundarboð Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 2008. Fundurinn verður haldinn þann 13. mars nk. á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu í Reykjavík kl. 15:30. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að breyting verði gerð 4. gr. reglna um úthlutun íbúða í Nestúni 2-6 á Hvammstanga þannig að 4. grein orðist svo „Félagsmálaráð geri tillögu að úthlutun íbúða til sveitarstjórnar.“

Fundargerð upplestin og samþykkt.

*Blas R. Guðdal*  
*Leifur Helge Þorod.*  
*Hinnri Þorsteinsson*

Áheyrnarfulltrúi:

*Oddur Sigurðarson*

Fundi slitið kl. 12:15

*Sauu Þorsteinsson*